

# Adam Rutherford og íslensk aðstaða.

## I.

Einmitt af því að slík þjóð á í hlut sem Svíar eru, hefi eg oft furðað mig á því, hvernig Nóbelsverðlaunin eru veitt, og einkum þykir mér það undarlegt, að Íslendingar skuli þar hafa verið settir hjá. Því að í þessu efni er alveg sérstök ástæða til að gleyma ekki Íslendingum. Þar er um þakkarskuld að ræða. Það þarf varla að minna á það, að eitt hið allra frægasta og vinsælasta skáldrit sænskt, var búið til upp úr íslenskri sögu. Og annað er það, að Íslendingur var sá maður sem líklega öllum öðrum fremur hefir lýst Svíum á þann hétt sem þeim er samboðið. Íslendingurinn Snorri Sturluson hefir af svo stórkostlegri snild lýst því sem einkennir hina sænsku þjóð umfram flestar þjóðir aðrar eða allar, en það er stórmenskubragurinn, höfðingskapurinn. Það virðist því í meira lagi ómaklegt, að einmitt gagnvart Íslendingum skuli sænskur höfðingskapur hafa brugðist. En það nær engri átt, að halda því fram, að hér á Íslandi hafi ekki, síðan farið var

að veita þessi verðlaun verið þeir menn er slík laun hafi átt skilið. Virðist mér heldur hitt, að varla muni hjá nokkurri þjóð verið hafa að tiltölu jafnmargir, sem til laumanna hafi unnið. Og vitanlega þörfin hvergi önnur eins.

## II.

Í því hvernig hin mikla höfðingskaparþjóð Svíar, hafa sett hjá íslensk skáld og rithöfunda, jafnvel þó sérstök ástæða væri til að muna eftir þeim, kemur berlega fram hversu mikið vantar á að íslenska þjóðin hafi til fulls verið uppgötvuð ennþá og hversu það mundi geta orðið öllu mannkyni til gagns, að fjárhagur þjóðarinnar væri rýmri. En þó er nú sitthvað að gerast, sem bendir í þá átt, að merkileg breyting í þessum efnum gæti verið ekki langt undan. Hefi eg þar í huga fyrst og fremst hinar afar eftirtektarverðu hugmyndir sem mjög viðlesinn rithöfundur, Adam Rutherford, hefir látið í ljós um þá stórkostlegu þýðingu sem íslenska þjóðin gæti fengið fyrir alt mannkyn. Eg veit ekki til

þess, að neinn af þeim sem hér á landi hafa ritað um það sem til tíðinda þar árið sem leið, hafi á þetta minst, en þó getur ekki verið vafamál, að aðstaða íslensku þjóðarinnar mun um alla hluti breytast mjög til batnaðar þegar heimurinn fer að skilja, að hinn ágæti Íslands- vinur hefir rétt fyrir sér. Og hann ætlar ekki að láta sitja við það sem stendur í bækling þeim um „hinn mikla arf íslensku þjóðarinnar“, sem nú er hér á landi alkunnur orðinn. Hinn ágæti höfundur er nú að undir- búa nýja útgáfu stórrar bókar sem kom fyrst út 1935; skrifar hann mér að í þessari nýju (1.) útgáfu sem nú er á leiðinni, hafi hann aukið við nýjum kafla sem heitir The Call of Iceland. Er fyrir oss Íslendinga öll á- stæða til að biða þeirrar bókar með mikilli eftirvæntingu.

### III.

Ýmsir Íslendingar sem kynst hafa þessu riti Rutherford's sem eg nefndi áðan, (Iceland's great Inheritance) virðast um of ein- blina á sitthvað sem þar stendur og Íslendingum er óviðkom- andi. En slikt er sist að furða. Það er óhugsandi, að breskur spámaður hefði haft bibliuna og Ísrael útundan. Það er heldur

hitt sem er hið mesta undrunar- efni og sýnir vel hina stórkost- legu andagift spámannsins, að Íslands skuli þarna vera getið, og eigi einungis það, heldur þannig, að hann segir að ís- lenska þjóðin muni fá ennþá meiri þýðingu fyrir mannkynið heldu en Gyðingar. Vér skiljum þetta ennþá betur ef vér aðgæt- um, hvernig farið hefir fyrir öðrum hinum ágætasta Íslend- ingavin, framtíðarskaldinu William Morris, snillingnum sem spáð hefir um endurkomu Baldurs, og sett hana í sam- band við Ísland. Morris sem dó 1896, hefir handan að, með að- stoð miðilsins May Hughes gert tilraun til að verða mannkyninu að liði, og mjög er ástæða til að ætla að honum hafi verið ríkt í huga að minnast á Ísland, líkt og Rutherford hefir gert; en þó er Íslands að engu getið í bók þeirri sem May Hughes kveður vera eftir William Morris, þó að hún hafi fært hana í letur. Þarf ekki að efa, að þessi vöntun kemur af því, að nauðsynlegustu hugmyndir um Ísland hafa ekki verið til í huga miðilsins. Í þessum efnum mun verða miklu auðveldara um fyr- ir miðla, þegar spámaðurinn Adam Rutherford hefir hlotið þá viðurkenningu sem hann svo mjög verðskuldar. Og eins mun

ALAN RUTHERFORD  
og isl. aðstæður.

Þá miklu síður verða nokkur  
hætta á, að höfðingsskapur  
hinnar ágætu sænsku þjóðar  
bregðist á nokkurn hátt gagn-  
vart hinni fátæku frændþjóð.

22. Jan.

Helgi Pjeturss.

**Leiðrétting:**

Í greininni Veðurstjórn, Vis-  
ir, 16. f. m. hafði í I. kafla á  
eftir orðunum: „Þetta þótti  
mönnum sem von var“ fallið  
úr: ekki nóg. Í II. kafla: gizki  
þýðir ef t. v. geitskinn. Marg-  
kenningr: les margkunnigur.  
Miðilsfundum: les miðilfund-  
um.

H. P.

Ísís Samvæðingablaði  
20 febrúar 1938